



BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

Íslenska - yngsta stig

Nemendur á yngsta stigi eru í fjórum íslenskutímum á viku. Nemendur lesa upphátt fimm sinnum í viku fyrir kennara úr lesefni að eigin vali. Það kemur fram í aðalnámskrá grunnskóla að traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenskukennsla fellur undir læsi í grunnþættir menntunar. Talað er um að meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi í víðum skilningi vísar hins vegar til þess að nemendur nái tökum á ýmsum táknkerfum og miðlum.

Markmið

- ✓ tjáð sig skýrt og með áheyrilegum framburði með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- ✓ hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- ✓ beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- ✓ valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings. Beitt hugtökum eins og rími, kvæði, vísu, persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- ✓ aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi. Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- ✓ dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- ✓ samið texta frá eigin brjósti á blaði og í tölvu, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð og nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- ✓ raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,
- ✓ gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki málfræði svo sem: nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- ✓ greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.

- ✓ þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- ✓ búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.

Námsmat

- ✓ Símat
- ✓ leiðsagnarmat